

Úrbótaverkefni

Sem styðja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í nýtingu gervigreindar á sameiginlegum vettvangi til að auka skilvirkni og bæta þjónustu við íbúa.

Síðast uppfært: 8.7.2025

Leiðbeiningar til starfsfólks sveitarfélaga sem hafa aðkomu að verkefninu

Lesið vandlega yfir skjalið og myndið ykkur skoðun á einstökum úrbótaverkefnum sem hér er fjallað um.

Hópurinn kemur svo aftur saman í ágúst til að ræða verkefnin og velja þau álitlegustu til nánari útfærslu. Fulltrúar DataLab munu í aðdragandanum vera í sambandi við þá aðila sem tóku þátt í sameiginlega fundinum í upphafi og fá viðbrögð við þeim.

Athugið að lesa einnig yfir skjalið sem fjallar um 15 **Hugmyndir að gervigreindarlausnum**.

Hugmyndir að úrbótaverkefnum sem hér koma fram byggja á samtölum sem DataLab átti í júní 2025 við fulltrúa sveitarfélaganna sjö sem mynda SSH. Segja má að þessi verkefni geti lagt grunn að farsælu samstarfi sveitarfélaganna um hagnýtingu gervigreindar.

Bestu hugmyndirnar verðskulda nánari rýni, umræður og umfjöllun í síðari hluta verkefnisins.

Taflan listar úrbótaverkefnin 8 sem fjallað er um hér að neðan.

Númer	Lýsing	Oft nefnt
1	Samræmd meðhöndlun gagna	Já
2	Samræmd gervigreindarstefna og verklag	Já
3	Samráðsvettvangur um gervigreind	Já
4	Sameiginlegur rekstur upplýsingatækni	
5	Sameiginleg þróun lausna með opið hugbúnaðarleyfi	
6	Gervigreind í skólum	Já
7	Sveitarstjórnargögn hjá Hagstofu / Hagstofa sveitarfélaga	
8	Sameiginleg innkaup og samnýting hugbúnaðarleyfa	Já

#1 Samræmd meðhöndlun gagna

Lýsing

Ábyrg notkun gervigreindar krefst góðra og samræmdra gagna auk markvissrar gagnastýringar, t.d. öryggisflokknar gagna. Samstarf um hagnýtingu gervigreindar þvert á sveitarfélög gerir ríkar kröfur til þeirra gagna sem liggja til grundvallar. Sveitarfélögin sinna málefnum - eigin gögnum - að mestu hvert í sínu lagi, eru mislangt komin og eru mjög líklega að taka ólíkar ákvarðanir sem gæti tafið samstarfsverkefni í náginni framtíð.

Meðal þess sem ætti að samræma þvert á sveitarfélög:

- Öryggisflokkun gagna. Frá mjög viðkvæmum til opinberra gagna. Sem dæmi þá fara heilbrigðis-, barnaverndarmál- og velferðargögn í hæsta öryggisflokk. Gögn sem þegar eru birt á vefsíðu eru í lægsta flokki.
- Undirbúningur gagna fyrir MS Copilot kallar á flokkun eða töggun gagna.
- Undirbúning og meðhöndlun gagna á vef vegna innleiðingar spjallmenna fyrir almenning.
- Samhæfing gagna og samræming mælikvarða þvert á sveitarfélög sem tryggir samanburðarhæfa tölfræði.
- Samræma þarf grunnskilgreiningar og hugtök áður en farið er í að innleiða sameiginleg kerfi.
- Samræming gagnaskila, t.d. ársreikningar sveitarfélaga.

Af hverju?

Ef ætlunin er að hagnýta gervigreindarlausnir sem byggja á gögnum frá fleiri en einu sveitarfélagi, jafnvel sjö sveitarfélögum, er lykilforsenda að gögnin séu samræmd. Annars munu þau ávallt lenda í vandræðum í gagnalaginu og verkefnin daga uppi.

Öryggisflokkun gagna stýrir meðhöndlun og hagnýtingu þeirra. T.d. hvar má vista þau og hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til að þau megi nota í gervigreindartólum.

Næstu skref

Sum sveitarfélög eru byrjuð að rýna gögn og innviði með hliðsjón af hagnýtingu gervigreindar. Þau hafa verið að undirbúa gögnin fyrir hagnýtingu.

Þau koma vel undirbúin í slíka vinnu og geta miðlað sinni reynslu og þannig flýtt fyrir framvindunni hjá þeim sem styttra eru komin.

Þau sem eru lengra komin geta hafið samstarf um einstakar lausnir fyrr en þau sem eru styttra komin. Ekki er nauðsynlegt að bíða eftir öllum.

#2 Samræmd gervigreindarstefna og verklag

Lýsing

Samræmd stefna sveitarfélaga um gervigreind sem nær til stjórnsýslu, rekstrar sveitafélaga, stofnana sem heyra undir sveitarfélög og þjónustu við íbúa.

Stefna sem svarar spurningunni: Hvernig ætlum við að nýta gervigreind í starfseminni til næstu 1-2 ára til að auka skilvirkni og bæta þjónustu? Hvernig leysum við tæknilegar og skipulagslegar áskoranir sem standa í vegi fyrir okkur?

Stefnan fjallar m.a. um hagnýtingu gervigreindar á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna en gefur gott svigrúm fyrir sveitarfélögin að fara sínar eigin leiðir í einstökum málaflokkum.

Verklag sveitarfélaga um hagnýtingu gervigreindar. Hvernig eflum við starfsfólkið í að hagnýta gervigreind, hvernig eflum við íbúana?

Hér er þörf á fræðslu og þjálfun sem stuðlar að sameiginlegum skilningi, upplýstri umræðu og valdeflir fólk til að hefja sína eigin tilraunastarfsemi með aðgengilegum tólum.

Miðlægar og sameiginlegar leiðbeiningar um verklag um notkun algengra gervigreindartóla þvert á sveitarfélög, með fókus á stöðugildi sem öll sveitafélögin eru með (byggingarfulltrúar, velferðarmál).

Af hverju?

Sveitarfélög geta lagt ólíkar áherslur í hagnýtingu gervigreindar en hin almenna stefna ætti að vera sameiginleg enda þarfirnar, tækifærin og áskoranirnar sameiginlegar þvert á sveitarfélög.

Stærri sveitarfélögin hafa þegar hafið eða lokið slíkri vinnu (stefna og verklag um notkun gervigreindarlausna) og koma því vel undirbúin inn í slíkt sameiginlegt verkefni þar sem fókusinn yrði á sameiginlega snertifleti.

Næstu skref

Sveitarfélögin bera saman núverandi stefnu og verklag sem samin voru fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Slík rýni leiðir í ljós sameiginlegar áherslur og atriði sem greina á milli.

#3 Samráðsvettvangur um gervigreind

Lýsing

Leiðtogar sveitarfélaga í gervigreind mynda samráðsvettvang um gervigreind. Hér er byggt á reynslu sveitarfélaga af samstarfi um innleiðingu stafrænna lausna sem hefur skilað góðum árangri.

Samráðsvettvangur um gervigreind hittist á 1-3 mánaða fresti til að ræða samstarfsverkefni og einstök verkefni sveitarfélaga sem draga má lærdóm af.

Samráðsvettvangur um stafræna þróun og gervigreind? Ætti það að vera sami vettvangurinn? Það gæti vel verið skynsamleg niðurstaða en þyrfti að ræða meðal sveitafélaganna.

Helstu verkefni samráðsvettvangs um gervigreind:

- Samræma stefnu og verklag um gervigreind. Einnig fræðslu til starfsfólks.
- Deila reynslu, segja frá verkefnum og lausnum. Hvað virkar vel og hvað virkar ekki eins vel. Birgjar sem standa sig vel og hvað ber að varast.
- Leiðtogar gervigreindar leggja á ráðin.
- Stöðugildi sem eru sameiginleg með öllum sveitarfélögum geta borið saman bækur sínar.
- Tilraunaverkefni í samráði. Eitt eða fleiri sveitarfélög taka frumkvæði en deila reynslu með öðrum. En fær á móti lærdóm þar sem önnur sveitarfélög taka frumkvæðið. Þau ferðast á ólíkum hraða, þau sem fara á svipuðum hraða vinna betur saman. Getu svo boðið lausnir og ráð áfram til þeirra minni.
- Sameiginlegur þrýstingur á birgja um lægri verð og að þróa lausnir sem öllum nýtast, sameiginleg innkaup (Wise vegna fjárhagskerfis, Evolv vegna RPA, Infomentor, OneSystems skjalakerfi, Spectra málakerfi).
- Áhættumat gervigreindarlausna, forgangsroðun lausna út frá því.

- Sameiginlegur fókus á einstök svið starfseminnar, t.d. verkefni byggingarfulltrúa þvert á öll sveitarfélögin, velferðarmál, umhverfismál o.s.frv.
- Sameiginlegar kröfur vegna hugbúnaðarþróunar/kaupa.
- Sameiginleg innkaup á verktöku, að sveitarfélög geti stigið inn í samninga.
- Sameiginleg innkaup á hugbúnaðarleyfum (t.d. Evolv).
- Ræða fólk og ferla, því þar stranda hlutirnir oftast fremur en á tækninni.
- Ræða viðbrögð við lagabreytingum og nýju lögum frá Alþingi.

Af hverju?

Sveitafélögin sinna sömu verkefnum og mæta svipuðum áskorunum. Þau eru meðvituð um gildi samstarfs enda vinna þau saman á mörgum sviðum. Hagnýting gervigreindar kallar á samstarf enda liggur fyrir að tæknin verður innleidd með einum eða öðrum hætti í starfsemi sveitarfélaga og þá er gott að geta í sumum tilfellum sameinast um lausnir sem þarf að þróa eða sótt þekkingu og góð ráð til næsta sveitarfélags.

Samstarfið í SSH hefur verið að eflast. Þessi samráðsvettvangur ætti fremur heima hjá SSH en Sambandinu þar sem eru mörg mun smærri sveitarfélög með allt aðrar þarfir, forgagnsröðun og getu. Sambandið hefur haldið sig til hlés á þessu sviði eða hefur jafnvel bakkað út úr einstökum málum.

Minni sveitafélögin í SSH eiga erfiðara með að tækla gervigreindina en þau stærri, einfaldlega vegna þess að þar skortir mannskap og þekkingu. Vettvangurinn myndi jafna leikinn og þannig auðvelda samstarf sveitarfélaganna á þessu sviði.

Á þessum vettvangi gætu sveitarfélögin skipulagt samstarf tveggja til þriggja á meðan önnur fá að fylgjast með frá hliðarlínunni og jafnvel hoppað á vagninn seinna í ferlinu. Minni sveitarfélögin geta oft hreyft sig hraðar en þau stærri og þannig pikkað upp lærdóm hraðar og deilt með þeim stærri. Þau bæta upp fyrir smæð með hraða. Virði í samstarfinu getur því komið úr öllum áttum.

Þótt sum séu komin lengra en önnur í gervigreind þá er tæknin enn ný af nálinni og enginn búinn að missa af lestinni.

Næstu skref

SSH hefur frumkvæði að því að mynda slíkan vettvang.

#4 Sameiginlegur rekstur upplýsingatækni

Lýsing

Ríkið hefur tekið skýr skref í þessa átt (Umbra, Stafrænt Ísland).

Af hverju ekki sveitarfélögin?

Miðlæg upplýsingatæknipjónusta fyrir sveitarfélögin. Eða Stafrænt Ísland fyrir sveitarfélögin sem einnig sinnir málefnum gervigreindar. Gæti SSH haldið utan um slíkt verkefni? Eða væri það Sambandið?

Mætti einnig lýsa sem sameiginlegri bakvinnslu. Verkefni sem starfsfólk sinnti áður verða í auknum mæli leyst af tölvum og tilheyra þá bakvinnslu sem sameiginlegt UT svið er ábyrgt fyrir.

Af hverju?

Stafrænt Ísland hefur hingað til ekki sýnt sveitarfélögum áhuga.

Það eru stafrænir leiðtogar hjá flestum sveitarfélögum en þau eru með mismikið bakland í upplýsingatækni og þurfa í mörgum tilfellum að treysta á birgja sem oft hafa öll spilin á hendi.

Hvert sveitarfélag er að reka upplýsingatækni í sínu horni en þau eru að vinna með sömu eða svipaðar lausnir sem gera svipaðar kröfur til UT innviða.

Hvað næst?

Málið er líklega umdeilt og ekki er gert ráð fyrir að niðurstaða fáið í bráð. En þörf er til staðar og því áhugavert að ræða.

#5 Sameiginleg þróun lausna með opið hugbúnaðarleyfi

Lýsing

Það er dýrt að sérsmíða hugbúnaðarlausnir en stundum er þörf á því þar sem núverandi lausnir duga ekki til.

Stærri sveitarfélögin fjármagna þá þróun lausna sem þjóna þeirra þörfum en í kjölfarið má deila þeim með minni sveitarfélögum sem gætu þá látið aðlaga opna kóðann svo þau þjóni þeim eins vel og mögulegt er.

Þá er lausnin þróuð undir opnu hugbúnaðarleyfi sem gefur hverjum sem er tækifæri til að aðlaga lausnina. Þannig væri hægt að deila slíkum lausnum með minni sveitarfélögum sem ekki hafa bolmagn til að fara í þróun eigin lausna.

Ein leið til að forðast útboðsskyldu í slíku verkefni er að fela smærra sveitarfélagi verkefnið og síðar mætti yfirfæra það á stærra sveitarfélag.

Slíkar lausnir gætu verið á sviði spálíkana og spunagreindar.

Sameiginleg skjölun og version control á sameiginlegu GitHub svæði SSH væri hluti af þessu starfi. Þar væri hægt að deila með öðrum sveitarfélögum þeim verkefnum sem hafa verið unnin, með skjölunarkerfi sem styður aðgangsstýringu og útgáfustýringu, t.d. GitHub eða sambærilegt. Þetta myndi auðvelda samvinnu, endurnýtingu lausna og hraða þróunarferlum.

Af hverju?

Þá er samið við aðila sem þróar hugbúnað einu sinni og lausnin samnýtt meðal sveitarfélaga. Það lækkar heildarkostnað sveitarfélaga og gerir þeim minni fært að innleiða sérsmíðaðar lausnir.

Birginn fær mögulega verkefni sem snúa að aðlögun lausnar að ólíkum sveitarfélögum.

Næstu skref

Mögulega er ein af hugmyndunum sem fram koma í þessu verkefni tilvalin að fara þessa leið.

#6 Gervigreind í skólum

Lýsing

Augljóst samstarfsverkefni á vettvangi SSH, sem hæfist á góðu samtali sveitarfélaganna. Sambandið og stjórnvöld koma líka við sögu.

Af hverju?

Kennarar eru farnir að óska eftir svörum um hvað standi til að gera.

Næstu skref

Nýlega kom út aðgerðaáætlun stjórnvalda um gervigreind.

[Stjórnarráðið | Verðmætasköpun og velferð leiðarstef í fyrstu aðgerðaáætluninni um gervigreind](#)

Einn af fimm grunnstoðum aðgerðaáætlunarinnar er

“Menntun í takt við tímann, sem miðar að því að búa samfélagið sem best undir áframhaldandi stafræna umbreytingu og stuðla að því að öll nýting gervigreindar verði í samræmi við mannréttindi, siðferðileg gildi og fjölbreyttar þarfir samfélagsins.”

Það má því gera ráð fyrir að eitthvað komi fram á þessum vettvangi á næstu misserum.

#7 Sveitarstjórnargögn hjá Hagstofu / Hagstofa sveitarfélaga

Lýsing

Sveitarfélög eiga í samskiptum við Hagstofu vegna upplýsingagjafar, til og frá Hagstofu. Þar eru ýmsu ábótavant og mætti samræma gagnaskil og gera þau einfaldari en um leið ítarlegri.

Af hverju?

Hagstofan þjónar einkum ríkinu en sveitarfélögin hafa verið í öðru sæti og því finna sveitarfélögin fyrir. Erfitt, tímafrekt og dýrt getur verið að fá hagnýt gögn til baka. En gott væri að fá enn ítarlegri gögn til baka.

Næstu skref

Sveitarfélögin innan SSH sammælast um áherslur gagnvart Hagstofunni

#8 Sameiginleg innkaup og samnýting hugbúnaðarleyfa

Lýsing

Sveitarfélögin kaupa saman leyfi að hugbúnaði sem nýta sjálfvirkni og gervigreind (t.d. RPA, UI Path, Copilot). Dæmi: Mosfellsbær, Hafnarfjörður og Garðabær nota lausnir frá Evolv sem skila m.a. fasteignayfirliti og afstemmingum. Reykjavík gæti keypt fleiri leyfi og samnýtt. Smærri sveitarfélög gætu einnig tengst inn í samninga.

Af hverju?

Lægri kostnaður með sameiginlegum kaupum. Minni sveitarfélög gætu fengið aðgengi að betri tólum.

En einnig eru áskoranir:

- Misjafnar þarfir og verklög á milli sveitarfélaga

- Reykjavík hefur eigin innviði, minni sveitarfélög úthýsa
- Samkomulag um samstarf og kostnaðarskiptingu
- Lagalegar takmarkanir t.d. útboð

Næstu skref

Tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um kaup á hugbúnaðarlausn í stað þess að eiga samskipti við birgja í sitt hvoru lagi.